

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um notkun gúmmíkurla
úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum.

Frá Willum Þór Þórssyni.

1. Hvernig hyggst ráðherra bregðast við þeirri umræðu sem hefur farið fram um notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum?
2. Hvaða reglur gilda um notkun efna eins og gúmmíkurla á leik- og íþróttavöllum og áhrif þeirra á heilsu og umhverfi manna?
3. Hvernig er eftirliti Umhverfisstofnunar háttað með notkun efna eins og gúmmíkurla á leik- og íþróttavöllum?
4. Mun ráðherra beina því til Umhverfisstofnunar að yfirfara reglur um notkun efna á leik- og íþróttavöllum?
5. Mun ráðherra beina því til Umhverfisstofnunar að gefa út tilmæli um að notast við hætturnar efni á leik- og íþróttavöllum?
6. Mun ráðherra beita sér fyrir því að notkun gúmmíkurla úr dekkjum á leik- og íþróttavöllum verði alfarið bönnuð?